

Jökulsporðamælingar 2024–2025

Hrafnhildur Hannesdóttir

Veðurstofu Íslands, Bústaðavegi 9, 108 Reykjavík;

hh@vedur.is; <https://doi.org/10.33799/jokull2025.75.133o>

YFIRLIT — *Sjálfbóðaliðar Jöklarannsóknafélagsins fóru til sporðamælinga haustið 2025 og alls bárust skýrslur frá um 40 sporðamælistöðum. Gervitunglamyndir voru notaðar til þess að skrá breytingar á jökulsporðum á þeim stöðum sem ekki var unnt að heimsækja. Í þessum pistli eru nýjustu mælingar birtar í töflu, en mæliraðirnar er hægt að nálgast á jöklavefsjónni www.islenskirjoklar.is. Meirihluti jökulsporða hörfa og er breytingin mest á stærri skriðjökum Vatnajökuls, Langjökuls og Mýrdalsjökuls. Einnig mældist mikið hop á Leirufjarðarjökli og Lambatungnajökli. Örlúttill framgangur var í Gígjökli. Sporðar sem ganga út í lón hafa margir hverjir litið sem ekkert breyst. Heinabergsjökull brotnaði hins vegar mikið upp síðsumars og hefur sporðurinn styst um þrjá kílómetra á síðastliðnum tveimur árum.*

ATHUGASEMDIR OG VIÐAUKAR

Í einhverjum tilfellum hefur reynst erfitt að nota fjarlægðarkíki til þess að mæla stöðu urðarklæddra jökulsporða og á það sérstaklega við þegar mælingar fara fram í lélegu skyggni. Því hefur verið brugðið á það ráð að endurmeta/endurskoða mælingarnar með fjarkönnunargögnum. Gervitunglamyndir eru jafnframt notaðar til þess að skrá breytingar á jökulsporðum sem ekki eru heimsóttir lengur, svo sem Kvíslajökull, Síðujökull, Gígjökull, Steinholtsjökull, vesturhluti Skeiðarárjökuls og Skálafellsjökull. Allar sporðamælingar félagsins frá upphafi má nálgast á jöklavefsjónni (www.islenskirjoklar.is). Á facebook-síðu félagsins (JÖRFÍ félagar) eru gjarnan settar inn fréttir úr mælingaferðum sem aðrir félagsmenn hafa gaman af að lesa. Sporðamælingafólki eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf.

Snæfellsjökull

Hyrningsjökull og Jökulháls – Haraldur Hallsteins-son og sonur hans Hersir Haraldsson mæla skriðjökla Snæfellsjökuls. Jökultungan á Jökulhálsi er nú horfin til feðra sinna og Hyrningsjökull þynnist hratt og skilgreina þarf nýja mælinínu þar sem afstaða jökulsporðsins til mæliníunnar hefur breyst.

Drangajökull

Kaldalónsjökull – Kaldalónsjökull heldur áfram að hörfa og yfirborð hans lækkar, skerið sem klýfur jökulinn stækkar og er jökultungan vestan megin þess eiginlega horfin samkvæmt athugunum Þórðar Halldórssonar.

Reykjarfjarðarjökull – Mæling á Reykjarfjarðarjökli gekk vel og hörfaði jökultungan um 50 m á tveggja ára tímabili, en síðast var mælt síðsumars 2023.

Leirufjarðarjökull – Ekki náðist að fara til mælinga á Leirufjarðarjökli en samkvæmt gervitunglamynd frá því í september 2025 hefur jökullinn hörfað um 100 m frá haustinu 2024.

Norðurlandsjökull

Bægisárjökull – Samkvæmt gervitunglamyndum frá hausti 2024 og 2025 er engin merkjanleg breyting á Bægisárjökli milli ára.

Búrfellsjökull – Ekki tókst að mæla Búrfellsjökul haustið 2025. En nágranni hans Teigardalsjökull virðist hafa hlaupið fram um 200 m á um 2 ára tímabili (Skafti Brynjólfsson, munnleg heimild).

Deildardalsjökull – Deildardalsjökull hörfaði um 10 m milli ára.



Þunnur og lítillfjörlegur sporður Hyrningsjökuls í þokusúld. Ljósmynd./Photo: Haraldur Hallsteinsson, 6. september, 2025.



Reykjarfjarðarjökull styttist og þynnist. Frá þessu sjónarhorni sést í fyrsta skipti í klöppina norðan við sporðinn. Frá vinstri til hægri: Hrolleifsborg, Reyðarbunga og Hljóðabunga. Ljósmynd./Photo: Ragnar H. Þrastarson, 1. ágúst, 2025.



Horft inn Bægisárdal. Ljósmynd./Photo: Karl Stefánsson, 22. ágúst, 2025.

Gljúfurárjökull – Ein mesta árlega hörfun sem mælst hefur frá upphafi mælinga við Gljúfurárjökul, í samræmi við óvenju hlýjan og snjóléttan vetur 2024–2025.

Tungnahryggssjökull – Mórius Hjörtur og Þórhildur Halla Jónsbörn sinntu mælingu þetta haustið og mældist hafið í meira lagi, tæpir 20 m á einu ári. Leysingar höfðu tekið fimmtu og nýjustu viðmiðunarvörðuna sem var næst jökli og því þurfti að mæla aftur frá fjórðu vörðu.

Grímslandsjökull – Litlar breytingar á jökulsporðinum eru greinanlegar á gervitunglamyndum.

Langjökull

Kirkjufjökull – Staða sporðsins var dregin af gervitunglamyndum og var hörfunin upp á nokkra tugi m.

Geitlandsjökull – Staða sporðsins er mæld með fjarlægðarmæli og hefur stefna mælingu haldist óbreytt frá upphafi samkvæmt athugunum Bjarna Kristinsonar og félaga.

Hagafellsjökull – Bæði Vestari- og Eystri-Hagafellsjökull hörfuðu um 150 m á milli ára.



Sporðamæling í blíðskaparveðri með spottann að vopni. Ljósmynd./Photo: Þórhildur Halla Jónsdóttir, 28. sept., 2025.

Hagafellsjökklar eru framhlaupsjökklar. Þekkt eru tvö framhlaup í Vestari-Hagafellsjökli og þrjú í þeim Eystri sem nú er líklega minni en hann hefur verið síðan á miðöldum. Hagafellsjökklar hafa hörfað hratt á undanförunum tveimur áratugum, en sporðamælingar hafa verið gerðar frá því á fyrri hluta 20. aldar. Áður lítt þekkt land er að koma undan jöklinum.



Einar Ragnar Sigurðsson í felti. Sjálfsmynd 22. sept., 2018.

Einar Ragnar Sigurðsson, sem mældi Hagafellsjökla í slagtopi með bróður sínum Gunnari Sigurðssyni og fleiri kunningjum frá árinu 2007, féll frá í júní á síðasta ári. Hann skilaði vel myndskreyttum og nákvæmum skýrslum. Síðan bættust við drónamyndir sem sýndu vel þær miklu breytingar sem hafa orðið á landslaginu framan skriðjöklanna. Á síðastliðnum árum hafa sprungukollar breyst í jökulsker sem síðan losna undan örmum jökulsins. Einar Ragnar var fararstjóri hjá Ferðafélagi Íslands og fór eina ferð ásamt Gunnari inn að Borgum með stóran hóp fólks, þar sem fetað var í fótspor sporðamælingamanna.


Einari Ragnari eru þökkun vel unnin störf fyrir félagið í tæpa tvo áratugi.

Jökulkrókur/Króksjökull – Með vöðlur, jöklabrodna og mikið af nesti héldu Kristjana og Jón Baldur inn að Króksjökli. Jökullinn heldur áfram að hörfa á milli ára. Að þessu sinni gengu þau niður af jökulsporðinum austan megin, undir svokölluðum Hnúa sem var sker í jöklinum þegar þau fóru í sína fyrstu mælingaferð fyrir aldarfjórðungi.



Jón Baldur á sporði Króksjökuls. Hrútfell og Kerlingarfjöll í baksýn. Ljós./Photo: Kristjana Eyþórsdóttir, 20.09.2025.

Þórisjökull – Jökultungurnar hörfa á milli ára.




Jökultungurnar tvær sem skriða til norðurs úr Þórisjökli hafa verið mældar síðan 2018 og hefur sú nyrðri (vinstra megin) hörfað um 150 m síðan þá. Ljós./Photo: Guðbjörn Margeirsson, 28. september, 2025.

Hofsjökull

Blágnípujökull – Auðvelt var að mæla jökuljaðarinn þar sem lítið vatn var í ánni. Líklega styttest í að jökullinn hörfi upp úr jaðarlóninu.



Horf til Kerlingarfjalla frá sporði Blágnípujökuls. Ljós./Photo: Páll Gíslason, 8. nóvember, 2025.



Útlínur Hagafellsjökla á mismunandi tímum frá árinu 2000 og breytingar á stöðu jökulsporðanna frá upphafi mælinga. Kort/Photo: Sentinel-2A gervitungla-mynd, 20.09.2025.



Vestari Hagafellsjökull og skerin tvö, Klakkur fjær og Magnúsarklakkur nær. Ljós./Photo: Gunnar Sigurðsson, 28.09.2025.



Staðnaður sporður Eystri-Hagafellsjökuls frá sérstöku drónasjónarhorni, Hagavatn vinstra megin og Jarlhettur til hægri. Ljós./Photo: Einar Ragnar Sigurðsson, 30.09.2023.



Páll Gíslason, í hópi góðra félaga, fór til mælinga á ýmsum fararskjótum. Við útfall Jökulkvíslar. Ljósmynd. /Photo: Hlynur Snæland, 8. nóvember, 2025.

Nauthagajökull og Múlajökull – Leifur Jónsson og félagar mældu jöklana tvo í suddarigningu og erfiðu skyggni. Kvikmyndatökufólk var með í ferðinni, en unnið er að heimildarmynd.



Leifur Jónsson við mælingar á Nauthagajökli. Ljósmynd. /Photo: Halla Leifsdóttir, 11. október, 2025.

Sátujökull – Valgeir Steinn Kárasen og Starri Heiðmarsson fóru inn að Sátujökli í blíðskaparveðri og var óvenjultíð vatn í Skálakvíslinni.

Mýrdalsjökull

Sólheimajökull – Notaðir voru tveir mismunandi fjarlægðarmælar til þess að mæla stöðu sporðsins, og bar mælingunum vel saman við gervitunglagögn. Á hvert ganga þeir feðgar Einar og Gunnlaugur á Jökulhaus til að ná yfirlitsmyndum af sporði jökulsins. Fremst í Litlafjalli hefur fallið skriða í rigningum í sumar á því svæði sem gönguleið liggur upp á fjallið.




Einar Gunnlaugsson við sporðamælingar með fjarlægðarkíki. Ljósmynd. /Photo: Gunnlaugur Einarsson, 6. nóv., 2025.



Nemendur Hvolsskóla við mælingar á Sólheimajökli. Mótorbáturinn við jaðar jökulsins, sést ef vel er að gáð. Ljósmynd. /Photo: Jóhannes Marteinsson, 14. október, 2025.

Öldufellsjökull – Jökullinn hörfar á milli ára og lónið sem kom fram við jökulsporðinn árið 2024 stækkar.

Sléttjökull – Sléttjökull heldur áfram að hopa um nokkra tugi metra milli ára.



Sléttjökull og Öldufellsjökull hafa hörfað um 1,5 km frá aldamótum. Staða jökulsporðanna hefur verið metin út frá gervitunglamyndum á síðastliðnum árum. – *Sléttjökull and Öldufellsjökull have retreated about 1.5 km since the turn of the century. In recent years, the position of the glacier margins has been determined based on satellite images.*

Suðurlandsjökla

Torfajökull – Bæði norður- og suðursporður Torfajökuls þynnast og hörfa.



Ágúst Hálfðánsson virðir fyrir sér þunna og uppbrotna jökultungu Torfajökuls. Ljósmynd. / Photo: Jóhannes Runólfsson, 17. september, 2025.

Tindfjallajökull – Jökulsporðurinn er farinn að klofna í tvennt við miðlínu mælinga, einnig hafa stór stykki brotnað framan af sporðinum og liggja undir lagi af aur og drullu.



Jöklamælingamaður við sporð Tindfjallajökuls, mikill urðarhulinn dauðs hefur skilið sig frá jökultungunni. Í baksýn sér til Mýrdalsjökuls. Ljósmynd. / Photos: Albert Þorbergsson, 6. september, 2025.

Vatnajökull

Tungnaárjökull – Mæilínan stefnir á fell sem er að koma upp úr jöklinum. Búið er að skilgreina hugsanlega nýja viðmiðunarlínu nokkru norðar.



Sverrir Hilmarsson á sporði Tungnaárjökuls, aðstoðarmenn og farartækin í baksýn. Ljósmynd: Sverrir Hilmarsson, 5. nóvember, 2025.

Síðujökull – Sporður Síðujökuls er metinn út frá gervitunglamyndum og hefur á einu ári hörfað um tæpa 200 metra.

Skeiðarárjökull vestur og miðja – Staða sporðsins metin út frá gervitunglamyndum og hörfar hann um 100 metra milli ára.

Skeiðarárjökull austur – Mörg lón eru við austurhluta Skeiðarárjökuls sem torvela mjög mælingar, ljóst að jökullinn hörfar á öllum þremur mæilínunum.

Morsárjökull – Samkvæmt gervitunglamyndum er ljóst að sporður Morsárjökuls er óbreyttur á milli ára.

Skaftafellsjökull – Jökullinn hopar meira austanmegin, við Hafrafell en Skaftafellsmegin, en þar gengur hann lengra fram en annars staðar. Mæling með fjarlægðarkíkinum ber vel saman við breytinguna sem sést á gervitunglamyndunum.

Öræfajökull

Svínafellsjökull – Engin breyting er á vestanverðum jöklinum. Nær Freysnesi hefur tunga gengið fram á jökulruðning við lónið, en samkvæmt ábúanda í Freysnesi skreið jökullinn fram á stuttum tíma á haustmánuðum.

Falljökull – Virkisjökull fer sífellt minnkandi sem hefur í för með sér að Falljökull skriður meira til vesturs

í átt að Svínafellsfjalli, frekar en fram í átt að lóninu. Aðalstraumurinn í jöklinum leggst því upp að Rauðakambi og er þar nokkuð hár.

Kvítárjökull – Sporðurinn hefur gengið aðeins fram á þremur mæilínum sem skilgreindar hafa verið.

Hrútárjökull – hörfar.

Fjallsjökull – er mældur á þremur mæilínum og stendur í stað.

Vatnajökull

Breiðamerkurjökull –hopaði 25 metra við mæilínu upp af Breiðárlóni en talsvert meira (-160 m) beggja vegna Jökulsárlóns. Við austustu mæilínuna hörfaði jökullinn um rúma 100 metra.

Brókarjökull – Sporðurinn er óbreyttur á milli ára.

Skálafellsjökull – Staða sporðsins er metin á tveimur mæilínum út frá gervitunglamyndum og hörfar um nokkra tugi m milli ára.

Heinabergsjökull – Jökulsporðurinn brotnaði mikið upp sumarið 2025. Náðust góðar ljósmyndir af jöklinum og jökunum á lóninu fram eftir hausti. Sporðurinn hefur styst um tæplega þrjá km frá haustinu 2023.

Fláajökull – hörfaði á báðum mæilínum við vestan- og austanverðan jökulsporðinn.

Lambatungnajökull – hörfaði um 100 metra á milli ára. Miklir dauðisflákar liggja framan jökulsins.

Rjúpnabrekkujökull – Jökullinn hefur hörfað um ríflega 200 metra frá því síðast var mælt haustið 2022.

Glacier variations 2024–2025

The Icelandic Glaciological Society received reports from approximately 40 measurement sites about glacier front variations in the autumn of 2025. Glacier retreat was observed at most of the sites, and the maximum retreat was on the larger outlet glaciers of Vatnajökull. As in recent years, proglacial lakes make terminus measurements rather difficult at many locations, and the precision of the estimated frontal change on flat lobes, where icebergs are breaking off into the lakes is in some cases poor. Remote sensing imagery was used to obtain measurements from sites that were not visited by volunteers and at some sites to assess the frontal change. The measurements are available on the webportal icelandicglaciers.is.



Svínafellsjökull baðaður í haustsólinni. Ljósmynd./Photos: Svava Björk Þorláksdóttir, 23. nóvember, 2025.



Kverkjökull skiptist í tvær tungur um fellið Lykla-Pétur, áin Volga hlykkjast um jökulaurana. Dyngjujökul ber við himinn hægra megin. Ljósmynd./Photo: Jónatan Daníelsson 7. september, 2025.




Austurhluti Skeiðarárjökuls og lónin hans. Vinstra megin sést í Súlutinda og Skaftafellsfjöll hægra megin. Ljósmynd./Photo: Ragnar Frank Kristjánsson, 23. október, 2025.



Heinabergsjökull brotnaði upp sumarið 2025 og mikið sjónarspil að sjá risastóra ísjaka fljóta um í lóninu.
Ljósni./Photo: Þorvarður Arnason, 11. október, 2025.



Sporðamælingamenn við jaðar Lambatungnajökuls. Glöggst sést að erfitt getur verið að átta sig á því hvar jökuljaðarinn er, þar sem urðarklæddir dauðisflákar liggja á víð og dreif framman við skriðjökulinn. Ljósni./Photo: Bergur Pálsson 8. nóv. 2025.



Staðsetning sporðamælistaða. Breytingar jökulsporða eru sýndar með litakóða. – Map showing glacier measurement sites, color coded by retreat (red variations) or advancement (blue variations).

Jöklabreytingar/Glacier variations 2024–2025

Jökull <i>Glacier</i>	2024 – 2025	Mælingamaður <i>Observer</i>
Snæfellsjökull		
Hymningsjökull	–24	Haraldur Hallsteinsson
Jökulháls	–10	Haraldur Hallsteinsson
Drangajökull		
Kaldalónsjökull	–60	Þórður Halldórsson
Reykjarfjarðarjökull	–24	Ragnar Heiðar Þrastarson
Leirufjarðarjökull	–105 ^f	Ásgeir Sólbergsson
Norðurlandsjökullar		
Deildardalsjökull	–10	Skafti Brynjólfsson
Búrfellsjökull	—	Sveinn Brynjólfsson
Búrfellsjökull-2	—	Sveinn Brynjólfsson
Gljúfurárjökull	–43	Árni Hjartarson
Bægisárjökull	0 ^f	Karl Stefánsson
Tungnahryggsjökull	–18	Þórhildur Halla Jónsdóttir
Grímslandsjökull	—	Ingimar Árnason
Langjökull		
Upp af Geitlandi	–42	Bjarni Kristinsson
Hagafellsjökull vestari	–158	Gunnar Sigurðsson
Hagafellsjökull eystri	–154	Gunnar Sigurðsson
Kirkjufjall	–40 ^f	Kristinn Ólafsson
Jökulkrókur	–19 ^f	Kristjana G. Eyþórsdóttir
Þórisjökull		
Kaldidalsjökull, vesturtunga	–20	Guðbjörn Margeirsson
Kaldidalsjökull, austurtunga	–10	Guðbjörn Margeirsson
Hofsjökull		
Blágnípujökull	–39	Páll Gíslason
Nauthagajökull	–20	Leifur Jónsson
Múlajökull, vestur	0	Leifur Jónsson
Múlajökull, suðvestur	0	Leifur Jónsson
Múlajökull, suður	0	Leifur Jónsson
Sátujökull í Lambahrauni	–64 ^f	Valgeir Steinn Kárasen
Sátujökull við Eyfirðingahóla	–60 ^f	Valgeir Steinn Kárasen
Kvíslajökull, staður 1	–80 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir
Kvíslajökull, staður 2	–55 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir
Eyjafjalla- og Mýrdalsjökull		
Gígjökull	30 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir
Steinsholtjökull	–10 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir
Sólheimajökull, vesturtunga	–93	Einar Gunnlaugsson
Kötlujökull	–30	Jóhannes Marteinn Jóhannesson
Öldufellsjökull	–75 ^f	Jóhannes Gissurarson
Sléttjökull	–35 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir

Jökull <i>Glacier</i>	2024 – 2025	Mælingamaður <i>Observer</i>
Torfajökull		
Norðurjaðar	–38	Ágúst Hálfðánsson
Suðurjaðar	–20 ^f	Ágúst Hálfðánsson
Tindfjallajökull		
Austurtunga	–12	Albert Þorbergsson
Vatnajökull		
Tungnaárjökull	–164	Sverrir Hilmarsson
Síðujökull, staður 2	–180 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir
Skeiðarárjökull, vestur	–50 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir
Skeiðarárjökull, miðja	–70 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir
Skeiðarárj. austur I	–30	Ragnar F. Kristjánsson
Skeiðarárj. austur III	–140	Ragnar F. Kristjánsson
Skeiðarárj. austur IV	–90	Ragnar F. Kristjánsson
Morsárjökull, staður 1	0 ^f	Ragnar F. Kristjánsson
Skaftafellsj. staður 3	–60	Svava Björk Þorlákssdóttir
Öræfajökull		
Svínafellsjökull, staður 2	0	Svava Björk Þorlákssdóttir
Falljökull	0	Svava Björk Þorlákssdóttir
Kvíárjökull-A	–7 ^f	Snævarr Guðmundsson
Kvíárjökull-B	–151 ^f	Snævarr Guðmundsson
Kvíárjökull-C	–123 ^f	Snævarr Guðmundsson
Hrútarjökull-C	3 ^f	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, Gamlasel	0 ^f	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, Fitjar	–22 ^f	Snævarr Guðmundsson
Fjallsjökull, við Breiðamerkursfjall	–2 ^f	Snævarr Guðmundsson
Breiðamerkurj. við Breiðam.fjall	–25 ^f	Snævarr Guðmundsson
Vatnajökull		
Breiðamerkurj. inn af Nýgræðum	–159 ^f	Snævarr Guðmundsson
Breiðamerkurj. við Fellsfjall	–113 ^f	Snævarr Guðmundsson
Brókarjökull	–0 ^f	Bergur Pálsson
Skálafellsjökull-m	–30 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir
Skálafellsjökull-v	–70 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir
Heinabergsjökull, við Hafrafell	²⁰²³ –2700 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir
Heinabergsjökull, við Geitakinn	²⁰²³ –2500 ^f	Hrafnhildur Hannesdóttir
Fláajökull, vestan Hólmsár	–70 ^f	Bergur Pálsson
Fláajökull, austur 1	–50 ^f	Bergur Pálsson
Lambatungnajökull	–110 ^f	Bergur Pálsson
Kverkjökull	–19	Jónatan Danielsson
Rjúpnabrekkujökull	^{'22} –220	Smári Sigurðsson

+ framrás/advance, – hop/retreat, — ekki mælt/no measurement

sn merkir að eitthvað hindri mælingu (snjó, lón eða þ.u.l.)

measurement prevented

f fjarkönnunargögn voru notuð að skilgreina sporðabreytinguna

measurement from remote sensing data